



Reglur um hvatagreiðslur Dalvíkurbyggðar

Reglur, markmið og skilyrði fyrir niðurgreiðslu Dalvíkurbyggðar á frístundastarfi hjá börnum og ungmennum á aldrinum 6 – 18 ára.

Markmið með hvatagreiðslum:

- Er að gera börnum með lögheimili í Dalvíkurbyggð kleift að taka þátt í frístundastarfi óháð efnahag fjölskyldna. Hafi barn búsetu en ekki lögheimili hjá öðru foreldri sínu búsettu í Dalvíkurbyggð í a.m.k. 2 mánuði á það barn einnig rétt á hvatagreiðslum. Með frístundastarfi er átt við starf íþróttafélaga, leiklistarfélaga, myndlistarfélaga, tónlistarskóla og e.t.v. fleira. Ef vafi leikur hvort frístundin séu viðurkennd er forsvarsmanni félags bent á að hafa samband við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.
- Niðurgreiðslan stuðli að því að vinna gegn brottfalli.
- Þátttaka í íþrótt- og æskulýðsstarfi muni aukast og með því verði forvarnir eflar í sveitarfélaginu.

Skilyrði til niðurgreiðslu:

- Starfsemi íþrótt- og æskulýðsfélags þarf að uppfylla forvarna og uppeldisleg gildi. Jafnframt skulu íþrótt- og æskulýðsfélög hafa staðfestingu á að þjálfarar og leiðbeinendur séu með hreint sakavottorð samkvæmt æskulýðslögum.
- Starfsemin fari fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og ungmenna.
- Starfsemin nái yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur og þá aldrei minna en ein æfing í viku. Undantekning frá þessu eru sundnámskeið eða námskeið sem kennd eru á skemmri tíma en eru a.m.k. 20 klst.
- Ef þátttökugjald er hærra en nemur hvatagreiðslu Dalvíkurbyggðar innheimt frá félag/deild mismuninn hjá forráðamönnum.
- Niðurgreiðsla Dalvíkurbyggðar skal ekki nema hærri fjárhæð en ákvörðuðu æfingagjaldi.
- Niðurgreiðslur ná til allt að þriggja greina í íþróttum eða öðru æskulýðsstarfi.
- Niðurgreitt verður aðeins hjá félögum utan Dalvíkurbyggðar sem bjóða upp á starfsemi sem ekki er í boði hjá félögum í Dalvíkurbyggð.

Félag/deild fær greitt fyrir hvern iðkenda í hverjum mánuði til lækkunar á þátttökugjaldi en upphæð niðurgreiðslu á mánuði er ákvörðuð í íþrótt- og æskulýðsráði út frá fjárhagsáætlun. Greitt er fyrir börn á aldrinum 6 -18 ára og skal miða við fæðingarár.



Framkvæmd greiðslna fer fram með þeim hætti að forráðamenn verða að fara inn á íbúagátt á vef Dalvíkurbyggðar og velja námskeið hjá viðkomandi félag/deild. Eingöngu er hægt að staðfesta þátttöku rafrænt í íbúagátt. Þegar forráðamaður staðfestir þátttöku barns fær viðkomandi félag/deild og Dalvíkurbyggð staðfestingu. Mánaðarlega tekur Dalvíkurbyggð saman lista með fjölda þátttökustaðfestinga forráðamanna og sendir til félaga/deilda og greiðir félögum/deildum hvatagreiðslu samkvæmt nánara samkomulagi.

Félög utan Dalvíkurbyggðar sem ekki eru tengd Nóra eða Íbúagátt Dalvíkurbyggðar, en uppfylla skilyrði til úthlutunar, skulu gefa út kvittun fyrir greiðslu æfingargjalda. Forráðamenn / iðkendur verða að koma kvittun fyrir greiðslu æfingargjalda á skrifstofu íþróttá- og æskulýðsfulltrúa og mun niðurgreiðslan gilda frá þeirri tímasetningu og út tímabilið en aldrei þó lengur en út almanaksárið.

Reglur þessar voru samþykktar á 48. fundi íþróttá- og æskulýðsráðs.

Samþykkt á 337. fundi byggðarráðs.

Breyting á reglunum voru samþykktar á 54. fundi íþróttá- og æskulýðsráðs.

Staðfest á 257. fundi sveitarstjórnar.